

## Minnisblað

### Aðalfundur SSV og tengdra aðila

Miðvikudaginn 6 apríl fer fram aðalfundur SSV á Hótel Hamri í Borgarnesi. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Sorpurðunar Vesturlands og Vesturlandsstofu.

#### Kl.09.30 **Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands**

SSV, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Vinnumálastofnun og Heilbrigðisstofnun Vesturlands er stofnaðilar og skipa fulltrúa í stjórn. SSV á þrjá fulltrúa í stjórn en aðrir stofnaðilar skipa einn fulltrúa. Auk þess eru Verkalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands stofnaðilar en eiga ekki stjórnarmenn samkvæmt stofnskrá. Stofnaðilar fara með atkvæðisrétt á fundinum.

#### Kl.10.15 **Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.**

Stofnaðilar að Símenntunarmiðstöðinni eru flest sveitarfélög á Vesturlandi, SSV, skólastofnanir og verkalýðsfélög. SSV hefur átt einn fulltrúa í stjórn, en aðrir fulltrúar hafa komið frá menntastofnunum og hagsmunasamtökum í atvinnulífi. Einungis verður greitt atkvæði um ársreikning Símenntunarmiðstöðvarinnar. Fyrir fundinn þarf að liggja fyrir hver fer með atkvæðisrétt viðkomandi sveitarfélags.

#### Kl.11.15 **Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands**

Öll sveitarfélög á Vesturlandi eru aðilar að heilbrigðisnefnd. Á fundinum mun kjörstjórn leggja fram tillögu að skipan stjórnar, en fyrir liggur að einn stjórnarmanna muni ganga úr stjórn. Fyrir fundinn þarf að liggja fyrir hver fer með atkvæðisrétt viðkomandi sveitarfélags.

#### Kl.12.15 **Hádegisverður**

#### Kl.13.00 **Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands**

Öll sveitarfélög á Vesturlandi eru aðilar að Sorpurðun Vesturlands. Á fundinum mun kjörstjórn leggja fram tillögu að skipan stjórnar. Fyrir fundinn þarf að liggja fyrir hver fer með atkvæðisrétt viðkomandi sveitarfélags.

#### Kl.14.00 **Aðalfundur Vesturlandsstofu**

SSV á allt hlutafé í Vesturlandsstofu og fer því með atkvæðisrétt á fundinum, en ársreikningur verður borinn upp til samþykktar.

#### Kl.14.30 **Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**

Samkvæmt lögum SSV fer fjöldi fulltrúa á aðalfundi SSV eftir íbúafjölda sveitarfélaga. Þeir fulltrúar eru kjörnir af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn og hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Aðalfundur tekur til afgreiðslu ársskýrslu SSV, ársreikning SSV og ársreikning þjónustusvæðis um málefni fatlaðra. Á aðalfundinum verður auk þess kosin stjórn SSV, en kjörnefnd mun leggja fram tillögu að stjórn. Öll sveitarfélög á Vesturlandi eiga einn fulltrúa í stjórn, nema Akraneskaupstaður og Borgarbyggð eiga tvö fulltrúa. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV.

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda.
- Kosning í stjórn SSV.
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Á Haustþingi SSV í október 2015 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2016. Tillaga að fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2017 verður því lögð fram á Haustþingi SSV 2016.

Páll S. Brynjarsson